

01.07.2022

SKORTUR Á VINNUAFLI OG INNHÝSING VERKEFNA HJÁ HINU OPINBERA HEFTIR VÖXT VERKFRÆÐISTOFA

Niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra verkfræðistofa sýna að innhýsing verkefna hjá hinu opinbera hafi dregið úr vexti fyrirtækja í greininni á síðustu 12 mánuðum. Niðurstöður könnunarinnar benda einnig til þess að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækja í greininni lítið til næstu 12 mánaða. Af niðurstöðum könnunarinnar er hægt að draga þá ályktun að hægja muni á vexti í greininni á næstunni en velta og starfsmannafjöldi hefur verið vaxandi í greininni í um eitt og hálf ár.

Starfsemi verkfræðistofa er mikilvægur hluti af hugverkaiðnaði hér á landi en greinin byggir fyrst og fremst á því að virkja hugvit sérmenntaðs vinnuafils til sköpunar verðmæta í fjölbreyttum verkefnum á innlendum og erlendum vettvangi. Heildarveltan í greininni var tæplega 40 ma.kr. á síðustu tólf mánuðum og er heildarfjöldi starfandi í greininni ríflega 1.900.

Könnunin var gerð 12. til 24. maí 2022 meðal 25 verkfræðistofa og var svarhlutfallið 48%. Velta hjá fyrirtækjum sem svara könnuninni var 22,8 ma.kr. á síðustu 12 mánuðum og er það ríflega 57% af heildarveltu allra fyrirtækja í greininni. Hjá fyrirtækjunum sem þátt tóku í könnuninni starfa nú 1.202 manns og er það 62% af heildarfjölda starfandi í greininni.

SAMANTEKT


- Stjórnendur verkfræðistofanna eru spurðir að því hvort þeir telji að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins lítið til næstu 12 mánaða. 75% eða þrjú af hverjum fjórum svara því játandi. Nei segja ekki nema ríflega 8%. Benda niðurstöðurnar til þess að án aðgerða stjórnvalda muni skortur á sérmenntuðu vinnuafli í greininni standa í vegi fyrir vexti verkfræðistofa lítið til næstu missera.
- Stjórnendur verkfræðistofanna eru spurðir að því hvort þeir telji að innhýsing verkefna hjá hinu opinbera hafi dregið úr vexti fyrirtækisins þeirra á síðustu 12 mánuðum. Niðurstaðan er sú að innhýsingin hefur heft vöxt fyrirtækja sem standa að baki 83% af veltu allra þeirra fyrirtækja sem svara. Ríflega 12% svöruðu nei. Af þessu má ljóst vera að innhýsingar hins opinbera hafa haft víðtæk áhrif á vöxt verkfræðistofanna en innhýsingin dregur úr verðmætasköpun einkageirans bæði á innlendum og erlendum vettvangi og er mjög neikvæður þáttur fyrir nýsköpun og samkeppnishæfni greinarinnar.
- Aukinn vöxtur hefur verið í veltu verkfræðistofa undanfarið en veltan í greininni byrjaði að taka við sér undir lok árs 2020. Stjórnendur verkfræðistofanna gera ráð fyrir því að á næstunni muni hægja á vextinum frá því sem verið hefur. Velta verkfræðistofanna jókst um 9,4% á síðasta ári frá fyrra ári. Í könnuninni eru stjórnendur verkfræðistofanna spurðir að því hver velta þeirra fyrirtækja hefði verið á síðustu 12 mánuðum og hver hún væri áætluð á næstu 12 mánuðum. Niðurstaðan er sú að stjórnendurnir áætla 3,5% veltuvöxt milli tímabilanna.
- Hjá verkfræðistofum landsins starfa ríflega 1.900 manns. Starfsmannafjöldinn hefur farið vaxandi frá því í upphafi síðastliðins árs. Nemur vöxturinn á milli ára nær 11%. Stjórnendur fyrirtækjanna gera ráð fyrir að starfsmannafjöldi þeirra fyrirtækja muni fjölga um 5,7% á næstu 12 mánuðum. Af þessu má dæma að áframhaldandi vöxtur verði hjá verkfræðistofunum en að hægja mun á vextinum frá því sem verið hefur. Gangi þetta eftir og ef þessi vaxtatala er heimfærð upp á greinina í heild verður starfsmannafjöldi hennar orðin yfir 2 þúsund að ári liðnu.

- Stjórnendur verkfræðistofanna eru spurðir að því til hve langs tíma þau verkefni sem eru í hendi hjá fyrirtækinu duga m.v. núverandi starfsmannafjölda. Svörin eru veltuvegin og niðurstaðan sú að verkefniin duga í tæplega 5½ mánuð. Viðmið í rekstri sem þessum er að fyrirtæki þurfi að vera með verkefni til næstu 5 mánaða. Niðurstaðan sýnir því að rekstur verkfræðistofanna stendur nokkuð vel út frá þessu viðmiði.

SKORTUR Á SÉRMENNTUÐU VINNUAFLI HEFTIR VÖXT

Stjórnendur þeirra fyrirtækja sem þátt tóku í könnuninni eru spurðir að því hvort þeir telji að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins litið til næstu 12 mánaða. 75% eða þrír af hverjum fjórum svara því játandi. Nei segja ekki nema ríflega 8%. Benda niðurstöðurnar til þess að sá skortur sem nú er á sérmenntuðu vinnuafli í greininni muni verða mjög mikill á næstu mánuðum og að sá skortur muni án aðgerða til að fjölga sérmenntuðu vinnuafli standa í vegi fyrir vexti fyrirtækja í greininni.


Telur þú að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins litið til næstu 12 mánaða?



INNHYŚING VERKEFNA HJÁ HINU OPINBERA DREGUR ÚR VEXTI

Innhýsing opinberra aðila á verkfræðipjónustu hefur verið mikil og takmarkandi þáttur fyrir framþróun verkfræðistofa. Stjórnendur verkfræðistofanna sem þátt tóku í könnuninni eru spurðir að því hvort þeir telji að innhýsing verkefna hjá hinu opinbera hafi dregið úr vexti fyrirtækis þeirra á síðustu 12 mánuðum. Niðurstaðan er sú að innhýsingin hefur heft vöxt fyrirtækja sem standa að baki 83% af veltu allra þeirra fyrirtækja sem svara. Ríflega 12% svöruðu nei. Gefur þetta vísbendingu um hversu umfangsmikil áhrif innhýsingar hins opinbera á vöxt verkfræðistofanna hefur verið en innhýsingin dregur úr verðmætasköpun einkageirans bæði á innlendum og erlendum vettvangi og er alvarlegur þáttur fyrir þróun hagkerfisins.


Telur þú að innhýsing verkefna hjá hinu opinbera hafi dregið úr vexti fyrirtækisins á síðustu 12 mánuðum?



HÆGJA MUN Á VEXTI GREINARINNAR Á NÆSTUNNI

Velta verkfræðistofanna var 38,3 ma.kr. á síðasta ári og jókst frá árinu 2020 um 9,4%. Vöxturinn hefur haldið áfram á þessu ári mældist hann 17,3% á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs samanburðið sama tíma í fyrra.


Velta verkfræðistofa, ársbr. 4. mán. meðaltals



Í könnuninni eru stjórnendur verkfræðistofanna spurðir að því hver velta þeirra fyrirtækja hefði verið á síðustu 12 mánuðum og hver hún væri áætluð á næstu 12 mánuðum. Niðurstaðan er sú að veltan hefði verið 22,8 ma.kr. litið til síðustu 12 mánaða og að hún yrði 23,6 ma.kr. áætluð á næstu 12 mánuðum. Aukningin á milli tímabilanna er 3,5%. Af þessu sést að stjórnendur verkfræðistofanna gera ráð fyrir því að áfram verði vöxtur í veltu fyrirtækjanna í greininni en að það muni hægja á vextinum frá því sem verið hefur.

Hjá verkfræðistofum landsins starfa ríflega 1.900 manns í fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Starfsmannafjöldinn hefur farið vaxandi frá því í upphafi síðastliðins árs. Nemur vöxturinn á milli ára tæplega 11%. Hjá fyrirtækjum stjórnendanna sem svöruðu könnuninni starfa nú 1.202 og mun þeim fjölga í 1.271 eftir 12 mánuði samkvæmt svörum stjórnendanna. Aukningin er 5,7%. Af þessu má dæma að stjórnendurnir áætla áframhaldandi vöxt fyrirtækja þeirra en að hægja mun á vextinum frá því sem verið hefur. Gangi þetta eftir og ef þessi vaxtatala er heimfærð upp á greinina í heild verður starfsmannafjöldi hennar orðin yfir 2 þúsund að ári liðnu.

Starfandi á verkfræðistofum, breyting frá sama mánuði árinu áður



ERU MED VERKEFNI FYRIR 5½ MÁNUÐ

Stjórnendur verkfræðistofanna eru spurðir að því til hve langs tíma þau verkefni sem eru í hendi hjá fyrirtækinu duga m.v. núverandi starfsmannafjölda. Svörin eru veltuvegin og niðurstaðan sú að verkefni duga í tæplega 5½ mánuð. Viðmiðið í rekstri sem þessum er að fyrirtæki þurfi að vera með verkefni til næstu 5 mánaða. Niðurstaðan sýnir að rekstur verkfræðistofanna stendur því nokkuð vel út frá þessu viðmiði.

